

Mánudaginn hinn 20. júnímán.
 Nr. 15/1898: Rjettvísín
 gegn
 Guðrúnu Guðnýju Jónsdóttur.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, upp-
 kveðnum 29. okt. f. á., var hin ákærða, vinnukona
 í Hallgeirsey í Austur-Landeyjahreppi, Guðrún
 Guðný Jónsdóttir dæmd fyrir þjófnað samkvæmt
 230. gr., sbr. 40. og 58. gr., alm. hegningarlaga í
 3 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða
 iðgjöld, 50 aura, til Þuríðar Árnadóttur, og allan
 af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum
 dómi er af hlutadeigandi amtmanni áfrýjað til
 yfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða og öðrum upp-
 lýstum atvikum er það sannað, að hún hefur gjört
 sig seka í þjófnaði, með þeim hætti, er nú skal
 greina. Skömmu fyrir júl 1896 var ákærða send
 með annari stúlku að Krossi til að ræsta kirkjuna
 þar og stóð þar þá í kirkjunni kista, sem húskona
 nokkur á Krossi átti. Var hjá ákærðu í kirkjunni
 unglingsstúlka, er heima átti þar á Krossi, og ljet
 ákærða í ljósi við hana að sig langaði til að skoða
 í kistuna og fjekk stúlkuna til að lána lykla mód-
 ur sinnar til að reyna að opna kistuna með þeim,
 þó það væru eigi hinir rjettu lykklar. Stúlkun
 sótti lyklana og komst ákærða í kistuna með þeim.
 Í kistunni var mest ull og nokkuð af kaffi, um 2
 —3 pund, og í handraðanum 17 kr. í silfurpen-
 ingum. Vildi ákærða gefa unglingsstúlkunni, sem

við var, er hún fór í kistuna, dálítið af kaffi, er hún tók úr kistunni og ullarlagð, sem hvorttveggja hefur verið virt á 50 a., en stúlkan vildi eigi þiggja, og hirti ákærða það þá sjálf. Síðan lokaði ákærða kistunni og fjekk stúlkunni aptur lyklana, og ætlaði hún að kistan væri þá læst. Skömmu síðar flutti ákærða með hinni vinnukonunni kistuna úr kirkjunni út í þinghús hreppsins, þar rjett hjá, og kveðst hún í þeim flutningi hafa orðið vör við að kistan var opin, en ekki hafði hún orð á því við hina vinnukonuna, en fór sjálf litlu seinna út í þinghúsið og tók 17 krónurnar úr handraðanum, stakk þeim á sig og hafði heim með sjer. Þegar fór að kvisast um peningahvarfið, spurði mágur ákærðu hana, hvort hún hefði tekið peningana og gekkst hún þá strax við þjófnaðinum og skilaði peningunum, og tjekk eigandinn þá aptur. Iðgjalda er því að eins krafizt fyrir kaffið og ullina, 50 aura, en kaffinu hafði hún fleygt á heimleiðinni frá Krossi, en látið ullina saman við aðra vinnu-ull húsmóður sinnar, og var hún notuð þar á heimilinu.

Undirdómariinu hefur byggt dóm sinn á því, að ákærða muni eigi hafa framið brot sitt með fullu sjálfræði og því látið hana sæta vægari refsingu en hinni venjulegu, samkvæmt 40. gr. hegningarlaganna. Framkoma ákærðu og skýrslur málsins yfir höfuð virðast þó eigi gefa nægilegt tilefni til þess að draga úr ábyrgð ákærðu á gjörðum sínum, og sjerstaklega ber vottorð hlutað-eigandi hjeraðslæknis, sem hafði ákærðu hjá sjer til athugunar um tíma, það með sjer, að hann tel-

ur engin tvímæli á sakhæfi hennar En þar sem lækni­rinn vottar, að ákærða sje ákaflega móður­sjúk og slagaveik, og hann álítur því varúðarvert að halda fram prófum yfir henni eða dæma hana í fangelsi, þá verður það auðvitað umboðsvaldsins, að úrskurða um það á sínum tíma, hvort ákærða heilsunnar vegna þolir hegningu þá, er hún sam­kvæmt lög­unum hefur verið í dæmd.

Afbrot ákærðu, sem er fædd 10. jan. 1873, ber að heimfæra undir 230. gr. alm. hegningar­laga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákved­in 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um máls­kostnað og iðgjöld fellst yfirdómurinn á ákvæði aukarjettardómsins og ber ákærða auk þess að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málf­lutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið víta­laus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærða Guðrún Guðný Jónsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði í iðgjöld til Þuríðar Árnadóttur 50 auru. Svo greiði hún og allan af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málf­lutningslaun til hins skipaða sækj­anda og verjanda cand. jur. Halldórs Bjarna­sonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld geiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 5/1898:

Halldór Oddur Sigurðsson
 gegn
 Jörgen Hansen.

D ó m u r :

Með veðskuldabryfi, dags. 10. okt. 1896, við urkennir áfrýjandinn, Halldór O. Sigurðsson, að hann þá skuldi verzlun W. Christensens á Eyrarbakka, sem hinn stefndi Jörgen Hansen veitti forstöðu, upphæðina 6 kr. 91 e.; lofar hann að borga skuld þessa, ásamt því er hann framvegis fái lán að hjá tjeðri verzlun, fyrir júlímánaðarlok 1897, og veðsetur ýmistlegt lausafje til tryggingar. Við lok júlímán. 1897 er skuldin orðin 92 kr. 61 e., og í ágústmán. s. á. borgar áfrýjandi svo upp í hana, að eigi standa eptir af henni nema 17 kr. 48 a. Þar eð áfrýjandi eigi greiddi þessa upphæð á þann hátt, er stefnda líkaði, stefndi hann áfrýjanda fyrir sáttanefnd með kæru, dags. 17. septbr. 1897, og með því að sáttum eigi varð á komið, stefndi hann málinu fyrir aukarjett Árnessýslu 5. oktbr. s. á., og er þá skuldakrafa hans 16 kr. 69 aur., af því að borgazt höfðu upp í skuldina hinn 22. sept. næst á undan 79 a. En á tímabilinu frá því málið var fyrir sáttanefnd og þangað til það kom fyrir rjettinn, hafði áfrýjandi farið til Reykjavíkur og borgað skuldina til verzlunar W. Christ-